



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þjóðlendna (starfslok óbyggðanefndar o.fl.)
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Forsætisráðuneytið.
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	10. nóvember 2023.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Óbyggðanefnd hefur lokið umfjöllun um 15 af 17 skilgreindum svæðum sem hún mun fjalla um og samkvæmt áætlun nefndarinnar styttist í að hún ljúki störfum. Því þarf að huga að starfslokum nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að óbyggðanefnd verði lögð niður þegar kerfisbundinni yfirferð hennar yfir landið lýkur. Þó þarf að gera ráð fyrir að komið geti til endurupptöku mála sem lokið hefur verið hjá óbyggðanefnd, enda eru talsvert rúmar heimildir til endurupptöku mála samkvæmt núgildandi þjóðlendulögum.

Þetta tilefni til lagasetningar kallar einnig á að hugað sé nánar að eignarhaldi ríkisins í þjóðlendum og á landinu öllu og samspil þess eignaréttar við einkaeignarétt landeigenda.

Þá gefur tilefnið tækifæri til að huga að öðrum ákvæðum þjóðlendulaganna, svo sem varðandi leyfisveitingarhlutverk ríkisins vegna nýtingar lands og landsréttinda, umfang auglýsingaskyldu við tímabundna úthlutun lands og landsréttinda, samsetningu samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna og ráðstöfun sveitarfélaga á tekjum sem til falla vegna leyfisveitinga sveitarfélaga í þjóðlendum.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er einkum að útfæra hvernig staðið skuli að starfslokum óbyggðanefndar og skilgreina frekar eignarétt ríkisins í þjóðlendum og á landinu öllu. Þá er úrlausnarefnið jafnframt að gera breytingu á ýmsum öðrum ákvæðum þjóðlendulaganna í ljósi reynslunnar af framkvæmd undanfarinna ára.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Núgildandi þjóðlendulög gera ráð fyrir tilvist óbyggðanefndar og því er nauðsynlegt að gera breytingar á lögnum til að leggja nefndina niður. Samhliða er nauðsynlegt að taka af skarið um hvernig fara skuli með hugsanlega endurupptökubeiðnir sem kunna að koma fram eftir það tímamark. Þá er nauðsynlegt að styrkja lagagrundvöll um stöðu eignaréttar ríkisins í þjóðlendum og á landinu öllu. Um önnur atriði sem ætlunin er að lagasetningin fjalli um eru þegar ákvæði í þjóðlendulögnum og nauðsynlegt að gera breytingar á þeim ákvæðum til að ná markmiði þeirrar lagasetningar sem fyrirhuguð er.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í fjármálaáætlun kemur fram sú stefna að fyrir liggi skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þ.m.t. eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Hin áformaða lagasetning miðar einkum að því að taka afstöðu til þess hvað taki við eftir að óbyggðanefnd hefur ákvarðað mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu.

Þá miðar lagasetningin einnig að því að skýra enn frekar mörk einkaeignarréttinda landeigenda og eignarhalds ríkisins.

Aðrar breytingar miða að því markmiði að stjórnsýsla þjóðlendumála sé skýr og hagkvæm, í ljósi reynslu undanfarinna ára og nýrra áskoranna.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert yrði aðhafst myndu þjóðlendulög áfram gera ráð fyrir tilvist óbyggðanefndar og skrifstofu nefndarinnar, þrátt fyrir að nefndin hefði lokið störfum. Ljóst er að svo hægt verði að leggja nefndina niður þarf að breyta lögum.

Þá myndi staða eignarréttar ríkisins í þjóðlendum og á landinu öllu ekki vera eins skýr og mikilvægt er og enn væru þá til staðar eigendalaus réttindi sem skapað getur réttaróvissu um stöðu þeirra.

Loks væri þá ekki gerðar breytingar á öðrum ákvæðum þjóðlendulaganna sem þó er tilefni til, svo sem um leyfisveitingarhlutverk ráðuneytisins, umgang auglýsingaskyldu, samsetningu samstarfsnefndar um þjóðlendir og mörkun tekna sveitarfélaga.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Ekki er unnt að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með öðrum hætti en lagasetningu, þar sem um lögbundin viðfangsefni er að ræða. Því hafa önnur úrræði ekki verið metin.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Varðandi starfslok óbyggðanefndar eru einkum tvær lagasetningarleiðir mögulegar. Í ljósi heimildar málsaðila til að fá mál sem óbyggðanefnd hefur lokið endurupptekin, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þarf að gera ráð fyrir að hægt verði að taka afstöðu til slíkra beiðna, komi þær fram, þrátt fyrir að óbyggðanefnd hafi lokið kerfisbundinni yfirferð sinni yfir landið. Hægt væri að gera ráð fyrir að óbyggðanefnd væri enn starfandi, eftir kerfisbundna yfirferð yfir landið, en að skrifstofa nefndarinnar yrði lögð niður. Óbyggðanefnd væri þá ekki formlega lögð niður heldur væri hún óvirk nema fram kæmu beiðnir um endurupptöku mála. Hin leiðin, sem hér er lögð til, er að óbyggðanefnd verði formlega lögð niður en ráðherra verði veitt heimild til að setja þrjá menn í óbyggðanefnd til að fara með endurupptökubeiðni sem kann að koma fram.

Varðandi yfirlýsingu um eignarrétt íslenska ríkisins að tilteknum eigendalausum auðlindum og réttindum er vart önnur leið fær en sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Með því að mæla fyrir um eignarrétt íslenska ríkisins er tryggt að þjóðin fái endurgjald gjald eða leigu fyrir nýtingu réttinda sem áður voru eigendalaus. Til greina kom við vinnslu frumvarpsins að mæla fyrir um hlutlæg viðmið varðandi eignarrétt landeiganda að auðlindum í jörðu, t.d. þannig að miðað væri við ákveðna metratölu, hitastig eða tegund auðlinda. Ekki þótti fært að gera það að sinni, því slík tillaga krefðist ítarlegs og vandaðs undirbúnings, bæði frá tæknilegu og lagalegu sjónarhorni. Sá möguleiki kann þó enn að koma til skoðunar til framtíðar litið.

Ekki er ástæða til að fjalla sérstaklega um mögulegar lagasetningarleiðir varðandi aðrar óverulegar breytingar á þjóðlendulögum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Lagt er til að ákvæði þjóðlendulaga um óbyggðanefnd í III. kafla laganna, sem fjalla um óbyggðanefnd, hlutverk hennar og málsmeðferð fyrir nefndinni, verði felld úr lögum að mestu

leyti. Bætt verði við lögin bráðabirgðaákvæði sem fjalli um heimild ráðherra til að setja þriggja manna óbyggðanefnd til að fara með hverja og eina endurupptökubeiðni sem kann að koma fram samkvæmt heimild í 19. gr. a laganna vegna mála sem óbyggðanefnd hefur lokið. Í bráðabirgðaákvæðinu verði fjallað um helstu málsmeðferðarreglur sem nefndinni ber að fylgja við meðferð endurupptekinna mála. Í því sambandi er horft til ákvæða III. kafla núgildandi laga, að því marki sem við á, til að tryggja samræmi við fyrri málsmeðferð nefndarinnar á enduruppteknum málum. Lagt er til að bráðabirgðaákvæðið taki aðeins til mála sem eru endurupptekin samkvæmt 19. gr. a laganna, að frumkvæði málsaðila. Til að tryggja að framangreint bráðabirgðafyrirkomulag taki á einhverjum tímamarki enda er einnig lagt til að endurupptökuheimild 19. gr. a verði sett þriggja ára tímamörk, þ.e. að mál verði ekki tekið upp að nýju ef þrjú ár eru liðin frá því að aðila var tilkynnt um úrskurð óbyggðanefndar. Núgildandi 19. gr. a hefur ekki að geyma slík tímamörk en almennt tímamark á endurupptöku mála samkvæmt 24. gr. stjórnáskilgáttalaga er eitt ár, og mál verður ekki tekið upp að nýju að þeim tíma liðnum nema veigamiklar ástæður mæli með því. Í ljósi eðlis þjóðlendumála þykir rétt að tímamörk til að fara fram á endurupptöku séu rýmri en samkvæmt almennum reglum stjórnáskilgáttalaga og því er lagt til að miðað sé við þrjú ár í stað eins árs. Aftur á móti er einnig nauðsynlegt að tryggja festu í framkvæmd og meðferð þjóðlendna og því þykir ekki tilefni til að hafa þennan frest lengri.

Þar sem óbyggðanefnd er enn að störfum er ljóst að ekki er hægt að fella brott ákvæði um nefndina strax. Áætlun óbyggðanefndar gerir ráð fyrir að hún muni kveða upp úrskurði á síðasta svæði sem hún tekur til meðferðar á fyrri hluta árs 2025, en það er svæði 12 sem tekur til eyja og skerja umhverfis landið. Eftir það þarf að gera ráð fyrir tíma nefndarinnar til að ljúka frágangi áður en starfsemin er lögð niður, t.d. skjalafrágangi, og því er gert ráð fyrir að nefndin verði formlega lögð niður 1. janúar 2026.

Ætlunin er að fella úr lögum að óbyggðanefnd úrskurði um eignarréttarlega stöðu almenninga í vötnum og að þess í stað verði mælt fyrir um að ríkið sé eigandi almenninga í vötnum og að um slíka almenninga fari eins og um þjóðlendur. Þá er ætlunin að breyta lögum nr. 57/1998 (auðlindalögum) sem miða að því að festa í lög að auðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu eign ríkisins, um samnýtingu réttthafa að auðlindakerfum, um eignarhald á vatnsréttindum í þjóðlendum og eignarlöndum og loks um mörk einkaeignarréttar landeigenda á auðlindum í jörðu og stöðu ríkisins sem eiganda að auðlindum í jörðu þar sem einkaeignarrétti landeigenda sleppir.

Aðrar fyrirhugaðar breytingar á þjóðlendulögum eru þær að skerpt verði á skilgreiningu þjóðlendu hugtaksins þannig að skýrt verði að það taki einnig til nýrra landsvæða sem verða til utan eignarlanda og landsvæða þar sem einkaeignarréttur fellur niður, heimilt verði að gera eignarland í eigu ríkisins að þjóðlendu með lögum, nýting lands og landsréttinda sem miða að því að auka bindingu kolefnis í þjóðlendum verði háð leyfisveitingu ríkisins, mörkun tekna sveitarfélaga vegna leyfisveitinga í þjóðlendum verði felld úr lögum, gerðar verði breytingar á samsetningu samstarfsnefndar um málefni þjóðlendum og ráðherra sem fer með ferðamál og fulltrúa Vatnajökulþjóðgarðs veitt sæti í nefndinni og loks verði reglugerðarákvæði laganna breytt og ráðherra veitt heimild til að setja reglur um umfang auglýsingaskyldu vegna tímabundinnar úthlutunar lands og landsréttinda í þjóðlendu.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Nánar tiltekið felur frumvarpið sér eftirtaldar breytingar á gildandi lögum:

1. Fella undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlendu ný landsvæði sem verða til utan eignarlanda og landsvæði þar sem einkaeignarréttur fellur niður.
2. Skilgreina í lögum að íslenska ríkið sé eigandi almenninga stöðuvatna, nema réttindi í þeim leiði af lögum eða aðrir sanni að þeir eigi réttindi þar.
3. Mæla fyrir um að með lögum sé heimilt að gera landsvæði sem er háð einkaeignarrétti íslenska ríkisins að þjóðlendu.

4. Tilgreina sérstaklega að aðgerðir og verkefni sem miða að því að auka bindingu kolefnis í þjóðlendu þurfi leyfi ráðherra.
5. Fella úr lögum mörkun tekna sveitarfélaga vegna leyfisveitingar þeirra í þjóðlendum.
6. Breyta samsetningu samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna og bæta við fulltrúum þess ráðuneytis sem fer með ferðamál og Vatnajökulsþjóðgarðs.
7. Bæta við reglugerðarheimild laga nr. 58/1998 heimild ráðherra til að mæla fyrir um umfang auglýsingaskyldu vegna leyfi til að nýta land og landsréttindi tímabundið í þjóðlendum.
8. Fella úr lögum nr. 58/1998 ákvæði um óbyggðanefnd og mæla í ákvæði til bráðabirgða fyrir um hvaða reglur gildi um meðferð mála ef reynir á endurupptöku mála sem lokið hefur verið hjá óbyggðanefnd.
9. Afmarka eignarrétt landeigenda að auðlindum í jörðu í eignarlöndum þannig að taki til eignarréttinda að því marki sem sé nauðsynlegt fyrir landeiganda til að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign.
10. Festa í lög að tiltekna auðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu eign íslenska ríkisins.
11. Lögfesta þá meginreglu að eignarhlutföll vegna nýtingar auðlinda fari eftir flatarmáli á yfirborði jarðar.
12. Skilgreina rétt íslenska ríkisins til umráða og hagnýtingar á vatni, straumvatni eða stöðuvatni í þjóðlendum og að íslenska ríkið sé eigandi hvers konar vatnsréttinda í þjóðlendum og jafnframt eigandi þeirra vatnsréttinda í eignarlöndum sem ekki falla undir einkaeignarrétt landeiganda.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?** Breytingar á þjóðlendulögum sem varða starfslok óbyggðanefndar koma ekki inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga. Með því að mæla fyrir um að íslenska ríkið sé eigandi tiltekinna réttinda og auðlinda sem ekki eru háðar einkaeignarrétti er ekki gengið á eignarétt landeigenda sem verndaður er samkvæmt 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, enda njóta þeir ekki eignarréttar að eigendalausum verðmætum. Helsta álitafnið út frá 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar snýr að 12. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að í 3. gr. bætist eftirfarandi við yfirlýsingu um eignarétt landeiganda að auðlindum í jörðu: „[...] að því marki sem er nauðsynlegt fyrir landeiganda þannig að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign.“ Líkt og fram kemur í drögum að greinargerð með frumvarpinu er uppi réttaróvissa um inntak eignarréttar að auðlindum í jörðu í kjölfar hæstaréttardóma í málum nr. 644 og 645/2006. Af dómunum er að lágmarki ljóst að ekki teljast öll verðmæti neðanjarðar til auðlinda sem tilheyri landeiganda. Á hinn bóginn er óljóst hvort yfirlýsingin í 3. gr. um eignarétt landeiganda hafi sjálfstæða þýðingu eða hvort túlka eigi hana til samræmis við þá meginreglu sem áður gildi um inntak eignarréttar að jarðrænum auðlindum. Ef túlka á reglurnar þannig að samræmi náist felur frumvarpið ekki í sér breytingu eða takmörkun á eignarrétti landeiganda. Þá er eingöngu um að ræða áréttingu á þeirri réttarstöðu sem nú er fyrir hendi.

Ef lagareglan fæli á hinn bóginn í sér skerðingu eignarréttar miðað við núverandi réttarástand er ósennilegt að hún hefði í för með sér bótaskyldu á grundvelli 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki yrði um að ræða eignarnám í þrengri merkingu heldur takmörkun eignarréttar sem hefur almennt ekki bótaskyldu í för með sér, nema í undantekningartilvikum. Í því sambandi hafa einkum eftirfarandi atriði þýðingu: Í fyrsta lagi er uppi réttaróvissa, eins og áður greinir, og er tilgangur frumvarpsins m.a. að leysa úr henni. Þegar slík réttaróvissa er fyrir hendi hlýtur svigrúm ríkisins til lagasetningar að vera rýmra en ella, enda getur landeigandinn ekki verið fullviss um hver eignarréttindi hans eru að gildandi rétti. Það eina sem með vissu má fullyrða er að landeigandi á ekki allar auðlindir í jörðu.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að lögfest verði almenn lagaregla um eignarétt að jarðrænum auðlindum sem líklega hefði takmarkaða þýðingu fyrir langflesta landeigendur, enda stunda fæstir þeirra óvenjulega nýtingu auðlinda. Lagareglan hefði sömu áhrif gagnvart öllum landeigendum og valda slíkar reglur síður vafa út frá 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar en reglur sem hafa áhrif á ákveðna eigendur eða þröngt skilgreindan hóp þeirra.

Í þriðja lagi er ljóst af dóma- og lagaframkvæmd undanfarinna ára og áratuga að löggjafinn hefur rúmar heimildir til þess að setja skorður við auðlindanýtingu landeiganda, ef málefnaleg rök eru fyrir þeirri skerðingu og hún er í almannabágu. Má sem dæmi nefna bann við fiskveiðum í netlögum sjávarjarða, bann við veiðum á laxi og silungi í ám og vötnum nema að fengnu leyfi veiðifélags og þær veigamiklu takmarkanir sem leiða af lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Regla frumvarpsins er í samræmi við þessa löggjafarþróun, þ.e. að ríkið hafi meira um það að segja hvernig staðið er að nýtingu auðlinda í þágu almannahagsmuna, sbr. til hliðsjónar þau sjónarmið sem fram koma í hæstaréttardómi í máli nr. 182/2007. Ekki verður séð að hér skipti máli þótt möguleg skerðing á eignarrétti landeiganda hefði í för með sér að auðlindir yrðu í auknum mæli í eigu íslenska ríkisins. Órókrétt væri að beita öðrum og vægari mælikvarða ef löggjafinn myndi lögfesta reglu um venjulega hagnýtingu án þess að lýsa jafnframt yfir eignarrétti íslenska ríkisins að því sem umfram væri. Það er hagsmunum landeiganda óviðkomandi hvort það sem umfram er sé í eigu ríkisins eða eigandal aust. Frumvarpið felur því ekki í sér að verið sé að færa verðmæti frá einum aðila til annars í hinni hefðbundnu merkingu eignarnámsfræðanna.

Í fjórða lagi er ljóst að eignarréttur landeiganda að auðlindum er þegar takmarkaður, því landeigandi má almennt ekki nýta auðlindir fyrir landi sínu nema að fengnu nýtingarleyfi, ef frá eru taldar þær undanþágur sem fram koma í 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 14. gr. auðlindalaga. Væntingar landeiganda til auðlindanýtingar eru því nú þegar háðar takmörkunum og óvissu. Ganga má út frá því að sú hagnýting sem mælt er fyrir um í umræddum lagaákvæðum teljist til venjulegrar hagnýtingar og mun því lagabreytingin ekki hafa áhrif á rétt til nýtingar auðlinda sem ekki þurfti áður leyfi fyrir.

Í fimmta lagi er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á landeigendur sem kunna að eiga réttmætar væntingar til auðlindanýtingar umfram venjulega hagnýtingu, enda mun lagareglan ekki gilda afturvirkum þau nýtingarleyfi sem þegar hafa verið gefin út. Telja verður afar ólíklegt að aðrir landeigendur en þeir sem þegar hafa nýtingarleyfi hafi öðlast réttmætar væntingar sem njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar eða 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í sjötta lagi eru þýðingarmikil rök að baki reglunni, því hún leysir úr réttaróvissu um inntak eignarréttar að jarðrænum auðlindum og gefur löggjafanum jafnframt kost á að heimta gjald af nýtingu auðlinda sem áður voru eigendalausar. Þýðingarmikið er að þjóðfélagið fái sanngjarna hlutdeild í nýtingu auðlinda sem ekki tilheyrta ótvírætt landeiganda.

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?** Í 125. gr. EES-samningsins er kveðið á um að samningurinn hafi engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Ákvæði áformaðs frumvarps varða í grunninn skipan eignarréttar eins og áformaskjal þetta ber með sér. Verður því að leggja til grundvallar að efnisatriði frumvarpsins falli almennt utan sviðs EES-samningsins. Við þetta má bæta að viðfangsefni er snúast um vissa grundvallar þjóðar- og öryggishagsmuni aðildarríkja falla ekki undir svið EES-samningsins og verður að telja slíkt eiga við hér.

Í áformuðu frumvarpi er m.a. lagt til að skerpt verði á heimild ráðherra til að útfæra í reglugerð hvort og í hvaða tilvikum skuli auglýsa áform um úthlutun afnotaréttinda í þjóðlendum. Þrátt fyrir ofangreint ákvæði 125. gr. EES-samningsins falla reglur aðildarríkis varðandi úthlutun á nýtingarréttindum yfir náttúruauðlindum, til annarra en ríkisaðila, ekki með öllu utan sviðs fjórfrelsisreglna EES-samningsins. Þó er nærtækt að líta svo á að aðildarríkjum megi frá sjónarhóli EES-réttar játa víðtækt svigrúm til reglusetningar um hvernig haga skuli nýtingu og ráðstöfun náttúrugæða í opinberri eigu, enda geta slík viðfangsefni vart talist falla undir kjarna fjórfrelsisreglna EES-samningsins. Viðkomandi ákvæði fyrirhugaðs frumvarps teljast byggð á lögætum markmiðum í skilningi EES-réttar, m.a. um sjálfbæra og þjóðfélagslega hagkvæma nýtingu náttúruauðlinda í eigu hins opinbera. Að sama skapi verður lagt til grundvallar að ákvæðin samrýmist meginreglum EES-réttar um jafnræði og meðalhóf.

3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.**

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?** Sérstaklega eigendur eignarlanda og sveitarfélög, en einnig allur almenningur.
2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?** Fjármála- og efnahagsráðuneytið sem fer með kröfugerð ríkisins í málum fyrir óbyggðanefnd.
3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.** Samráð hefur verið haft við óbyggðanefnd.
4. **Fyrirhugað samráð.** Fyrirhugað er að kynna áform um lagasetningu og frummat á áhrifum í samráðsgátt stjórnvalda að loknu innra samráði ráðuneytisstjóra. Að því loknu og þegar unnið hefur verið úr þeim athugasemdum sem berast verða drög að frumvarpi kynnt í samráðsgátt. Þá verður haft sérstakt samráð við óbyggðanefnd sem og fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið í innra samráði ráðuneyta.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Með niðurfellingu óbyggðanefndar 1. janúar 2026 munu sparast verulegir fjármunir sem hingað til hafa runnið árlega úr ríkissjóði til nefndarinnar. Þá er ekki gert ráð fyrir aukningu útgjalda. Aukið leyfisveitingarhlutverk ráðuneytisins sem lagt er til, kallar ekki á frekari stöðugildi og fellu að öðrum þjóðlenduverkefnum ráðuneytisins. Aukið leyfisveitingarhlutverk ráðuneytisins er hins vegar líklegt til auka tekjur ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir að gjald séu tekið fyrir leyfisveitinguna. Loks koma eignir ríkissjóðs til með aukast verði af hinni áformuðu lagasetningu.

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?** Já.
2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?** Ekki er talin þörf á sérstakri aðlögun eða aðgerðum í tengslum við innleiðingu löggjafarinnar að öðru leyti en að gert er ráð fyrir að ákvæði um niðurfellingu óbyggðanefndar taki gildi 1. janúar 2026.
3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?** Nægilegar fjárveitingar úr ríkissjóði til óbyggðanefndar.
4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu.** Hversu nálægt því markmiði verður komist að allt land sé annað hvort skilgreint sem eignarland eða þjóðlenda.
5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?** Nei.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. **Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**
2. **Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**